

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 9. september 2015
UST201508-095/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022, náma í Merkurhrauni í landi Galtalækjar II.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022, ný náma í Merkurhrauni í landi Galtalækjar II.

Í lýsingu kemur fram að ofangreint svæði er ofan byggðar í Landssveit og er á svæðinu sandorpið hraun sem er lítt gróið. Einnig kemur fram að með breytingunni er gert ráð fyrir að 3 ha svæði sem í núgildandi skipulagi er skilgreint sem opið óbyggt svæði, verði svæði fyrir efnistöku. Áætlað er að taka af svæðinu 45.000 m³ af efni.


Umhverfisstofnun tekur undir að efnistöku er beint á svæði sem þegar hefur verið raskað af efnistöku. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að á svæðinu er nægilegt efni til frágangs að efnistöku lokinni.


Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að náman verði skipulögð og unnin þannig að hraunkantur varni innsýn á námásvæðið frá Landavegi.

Stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Adalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri